



**Háskólinn  
á Akureyri**  
University  
of Akureyri

## Málproskaröskun

Hvað er hún og hvað geta leikskólakennarar gert til að  
hjálpa?

Elínborg Ósk Halldórsdóttir Westerlund

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
2024



# Málproskaröskun

Hvað er hún og hvað geta leikskólakennarar gert til að hjálpa?

Elínborg Ósk Halldórsdóttir Westerlund

12 eininga lokaverkefni á leikskólakjörsviði  
sem er hluti af  
Baccalaureus Educationis-prófi í kennarafræðum

Leiðsögukennari  
Kristín Margrét Jóhannsdóttir

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2024

Titill: Málþroskaröskun. Hvað er hún og hvað geta leikskólakennarar gert til að hjálpa?

Stuttur titill: Málþroskaröskun

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Educationis -prófi í kennarafræðum.

Höfundarréttur © 2024 Elínborg Ósk Halldórsdóttir Westerlund

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Elínborg Ósk Halldórsdóttir Westerlund, 2024, bakkalárprófsverkefni,

Kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri.

Akureyri, maí, 2024

# Ágrip

Málþroskaröskun er frávik í máli sem getur haft áhrif á málskilning, málnotkun og nám þeirra einstaklinga sem hana hafa. Málþroskaröskun er ein algengasta taugþroskaröskunin og talið er að 7–9% barna séu með hana. Hún kemur fram í barnæsku og varir fram á fullorðinsár. Erfðir, heilastarfsemi og umhverfisþættir geta orsakað málþroskaröskun og geta lífsgæði einstaklinga með málþroskaröskun verið verri en þeirra sem ekki hafa hana.

Markmið þessarar ritgerðar er að gefa innsýn inn í það hvað málþroskaröskun er, af hvaða völdum hún er og hvað er hægt að gera við henni og síðan að koma með hugmyndir og leiðir fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk leikskóla sem vinnur inni á deild með börnum með málþroskaröskun um það hvernig er hægt að hjálpa þeim börnum við máltökuna. Nokkrar rannsóknir sem hafa athugað aðferðir til að aðstoða börn með röskunina verða skoðaðar og hugmyndirnar verða byggðar á niðurstöðum úr þeim.

# Abstract

Developmental language disorder is a language disorder that can affect language comprehension, language use and learning for those who have it. Developmental language disorder is one of the most common neurodevelopmental disorders and it is estimated that 7–9% of children have it. It appears in childhood and lasts into adulthood. Heredity, brain activity and environmental factors can be the cause of developmental language disorder, and the quality of life of those individuals who have the disorder can be worse than for those who don't have the disorder.

The aim of this essay is to give insight into what developmental language disorder is, what causes it and what can be done about it, and then to come up with ideas and ways for preschool teachers and other preschool staff who work with children with developmental language disorder about how they can help those children with language acquisition. Several studies that have looked at ways to help children with this disorder will be reviewed and the ideas will be based on their findings.

# Formáli

Þessi ritgerð er 12 ETCS eininga lokaverkefni til b.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri. Ég vil þakka fjölskyldu minni, vinum og samstarfsfólki kærlega fyrir alla þolinmæði, hvatningu og stuðning á meðan námi mínu stóð og þá sérstaklega í þessum ritgerðarskrifum. Ég vil einnig þakka leiðbeinanda mínum henni Kristínu Margrétu Jóhannsdóttur fyrir frábæra leiðsögn, góð ráð og stuðning við vinnslu ritgerðarinnar.





# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>MÁLPROSKI</b> .....	<b>2</b>
<b>3</b>	<b>HVAÐ ER MÁLPROSKARÖSKUN DLD?</b> .....	<b>4</b>
3.1	HUGTAKABREYTING.....	4
3.2	ORSAKIR MÁLPROSKARÖSKUNAR .....	5
3.3	EINKENNI MÁLPROSKARÖSKUNAR .....	5
3.4	GREINING .....	6
3.5	ÚRRÆÐI.....	7
3.6	ÁHRIF MÁLPROSKARÖSKUNAR Á LÍF BARNA .....	9
<b>4</b>	<b>RANNSÓKNIR</b> .....	<b>11</b>
4.1	ENDURHEIMTUNAR- OG VIÐMIÐUNARMÍÐAÐ NÁM.....	11
4.2	KERFISBUNDIN ÚTTEKT Á VIRKNI MEÐFERÐAR Á MÁLPROSKARÖSKUN .....	13
4.3	ÍHLUTUN FYRIR MÁLSKILNING HJÁ LEIKSKÓLABÖRNUM MEÐ MÁLPROSKARÖSKUN .....	15
<b>5</b>	<b>HVERNIG ER HÆGT AÐ NOTA NIÐURSTÖÐURNAR Í DAGLEGU LEIKSKÓLASTARFI?</b> .....	<b>17</b>
<b>6</b>	<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>21</b>
	<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>22</b>



# 1 Inngangur

Málþroskinn hefst við fæðingu barns og heldur síðan áfram út lífið (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014, bls. 14). Hann er partur af almennum þroska barna (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 2002) en hjá sumum börnum getur hann þó verið seinn. Í þeim tilfellum batnar hann yfirleitt við þriggja ára aldur og verður í samræmi við dæmigerðan málþroska hjá jafnöldrum barnsins en ef hann batnar ekki á þeim tíma er ólíklegt að hann geri það og þá er talað um málþroskaröskun (Marta Eydal o.fl., 2019; Rinaldi o.fl., 2021). Málþroskaröskun er röskun á málþroska sem talið er að 7–9% barna séu með, auk þess er hún algengasta taugaþroskaröskunin (National Institute on Deafness and Other Communication Disorders, 2022a; Soffía Elín Sigurðardóttir, 2022; McGregor, 2020). Ekki er nákvæmlega vitað um orsakir hennar en heili barna með málþroskaröskun þroskast öðruvísi en barna með dæmigerðan málþroska og stafar það af samspili erfða og umhverfis (National Institute on Deafness and Other Communication Disorders, 2022a). Greining er í höndum talmeinafræðinga og meðferð getur verið hjá talmeinafræðingum, sérkennurum, leikskólakennurum og í samvinnu við foreldra (Málefli e.d.; Andrea Hálfðánardóttir og Karen Ósk Sigurðardóttir, 2020).

Markmiðið með þessari ritgerð er annars vegar að gefa innsýn í það hvað málþroskaröskun er, af hvaða völdum og hvað er hægt að gera við henni og hins vegar að koma með hugmyndir og leiðir fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk sem vinnur inni á deild með börnum með málþroskaröskun um það hvernig hægt er að hjálpa börnunum við máltökuna. Von höfundar er að með því að gera þessar upplýsingar aðgengilegar á einum stað geti það hjálpað leikskólakennurum í vinnu sinni með börnum með málþroskaröskun.

Ritgerðin er þannig byggð upp að í öðrum kafla er fjallað svolítið um málþroska en síðan er málþroskaröskun kynnt í þriðja kafla og ýmislegt sem henni fylgir skoðað, svo sem orsakir, greining og úrræði. Í fjórða kafla er fjallað um nokkrar nýlegar rannsóknir sem gerðar hafa verið á málþroskaröskun hjá börnum og í fimmta kafla er rætt um það hvernig leikskólakennarar geta nýtt sér niðurstöðurnar í starfi inni á deild. Niðurstöður ritgerðarinnar eru svo dregnar saman í lokaorðum.

## 2 Málþroski

Fyrstu merki um samskipti hjá ungbörnum koma þegar þau átta sig á því að grátur mun færa þeim mat, huggun og félagsskap. Þá fara börnin einnig að þekkja hljóð í umhverfi sínu, svo sem rödd foreldra sinna. Með tímanum fara þau síðan að flokka talhljóðin sem mynda orðin í tungumáli þeirra og um sex mánaða aldur þekkja þau flest grunnhljóðin í móðurmálinu. Myndar þetta fyrstu skrefin í málþroska barna (National Institute on Deafness and Other Communication Disorders, 2022b). Málþroskinn heldur síðan áfram út lífið en mesta þróunin á sér stað áður en barnið verður fimm ára (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014, bls. 14).

Málþroski er partur af almennum þroska barna og samanstendur af orðaforða, setningaskipan, framburði og beygingum (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 2002). Á fyrstu þremur árum ævinnar er heilinn að þróast og þroskast en akkúrat á þeim tíma er gróskutímabil barna til að öðlast málkunnáttu; eftir þetta tímabil verður erfiðara fyrir barnið að læra tungumál (National Institute on Deafness and Other Communication Disorders, 2022b). Góður málþroski á leikskólaárunum er grunnur lestrarnáms og lesskilnings (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013, bls. 16) auk þess sem orðaforði gefur góða vísbendingu um málþroska barna (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013, bls. 21).

Í bæklingi um málþroska barna eftir Hrafnhildi Sigurðardóttir (2002) kemur fram að málþroskinn fylgir nokkrum stigum sem barnið fer venjulega í gegnum á hverju aldurs skeiði. Þar kemur fram að þótt það sé ósköp eðlilegt að barnið fari ekki eftir þessum stigum í einu og öllu er gott að hafa þessi atriði til hliðsjónar og því er lauslega fjallað um þau hér. Fyrsta hljóðið sem barnið gefur frá sér er yfirleitt grátur og síðan hjal en hið síðarnefnda er talið vera undirbúningur tals. Með tímanum fer barnið að skilja að hlutirnir í kring um það bera nöfn og sum hljóð og hljóðasambönd hafa merkingu. Oftast koma fyrstu orðin þegar barnið er 10–18 mánaða. Við tveggja til tveggja og hálfis árs aldur er barnið farið að nota orð til að tala við aðra og spyr margra spurninga um hluti í umhverfinu. Það notar stuttar setningar og hlustar á fullorðið fólk og hermir eftir því. Á þessu stigi er barnið farið að segja frá einföldum atburðum og er farið að nota málið sem boðskiptamiðil. Á þriðja ári er orðaforðinn enn að vaxa hratt, barnið spyr margra spurninga og er farið að nota forsetningar, kyn orða, fleirtölumyndir og persónufornöfn nokkuð rétt. Þegar barnið er orðið fjögurra ára er orðaforðinn ennþá að aukast hratt og spurningum þeirra fjölgar einnig. Oft spyrja börnin spurninga sem þau vita mögulega svarið við en vilja kannski fá

staðfestingu á hugmyndum sínum frá þeim fullorðnu. Barnið er farið að búa til bullorð og rímorð. Þegar fimmta árið gengur í garð heldur orðaforðinn áfram að aukast en hefur samt hægt á sér, barnið getur talað í flóknari setningum og það er farið að ráða betur við málfræðileg atriði. Framburðurinn verður eðlilegri og auðvelt er að hafa málleg samskipti við barnið; það er farið að nota málið sem miðil til að skilja og skynja umhverfið og auðvelt er fyrir það að leysa flókin viðfangsefni (Hrafnhildur Sigurðardóttir, 2002).

Sum börn geta verið með seinan málþroska en hægt er að koma auga á það um tveggja ára aldur en þá er mælt með því að kanna orðaforða þeirra. Ef orðaforðinn er minni en almennt er hjá jafnöldrum með dæmigerðan málþroska er talið að barnið sé seint til máls eða með seinan málþroska (Marta Eydal o.fl., 2019). Í 70% tilvika batnar orðaforði barnanna verulega við þriggja ára aldur og verður málþroski þeirra kominn á sama ról og jafnaldrar þeirra með dæmigerðan málþroska. Ef ekkert batnar og vandamálið er viðvarandi eftir þriggja ára aldur er talið ólíklegt að það lagist – í þeim tilvikum er talað um málþroskaröskun (Rinaldi o.fl., 2021).

Það getur verið einstaklingsmunur á málþroska og hafa rannsóknir sýnt að aðal orsök hans er ekki af líffræðilegum toga heldur stafar hann aðallega af magni og fjölbreytileika í máluppeldi foreldra og mismunandi aðstæðum barna heima og í skóla til að efla málþroskann. Ef barn er að glíma við félagsleg, andleg eða hegðunarvandamál, er líklegt að það glími einnig við málþroskavandamál. Því er mikilvægt er að fylgjast vel með málþroska barna á leikskólaaldri og finna og grípa þau börn sem eru með seinan málþroska og mögulega með frávik eins og málþroskaröskun (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

## 3 Hvað er málþroskaröskun DLD?

Ef barn með seinan málþroska hefur ekki náð dæmigerðum málþroska eftir þriggja ára aldur er talið ólíklegt að það gerist og vaknar þá grunur um málþroskaröskun (Rinaldi o.fl., 2021). Málþroskaröskun er frávik í máli sem getur haft áhrif á málskilning, málnotkun og nám og barn með málþroskaröskun getur því átt erfitt með hlustun, tal, lestur og skrift (National Institute on Deafness and Other Communication Disorders, 2022a). Málþroskaröskun er ein algengasta taugaþroskaröskunin og kemur hún yfirleitt fram í barnæsku og varir fram á fullorðinsár (McGregor, 2020). Talið er að 7–9% barna séu með málþroskaröskun (Soffía Elín Sigurðardóttir, 2022)

Í fyrirlestri barnasálfræðingsins Soffíu Elínar Sigurðardóttur (2022) kemur fram að börn með málþroskaröskun eigi erfitt með að skilja fyrirmæli eða samskipti við annað fólk, eigi í aukinni hættu á að lenda í félagslegri einangrun og þróa með sér námserfiðleika og þegar þau verða eldri fylgja þau ekki eftir jafnöldrum sínum eftir í þroska. Auk þess geta þessi börn þróað með sér þunglyndi, kvíða, hegðunarvanda og slakari sjálfsmynd. Einstaklingar með málþroskaröskun nota einfaldari setningar og gera fleiri villur í máli en talið er eðlilegt. Röskunin er dulin skerðing og eiginleikar hennar eru ekki alltaf augljósir þeim sem þekkja hana ekki. Rannsóknir hafa sýnt að eitt af hverjum fjórtán börnum séu með einkenni málþroskaröskunar (Málefli, e.d.). Þá geta börn verið með málþroskaröskun ásamt öðrum röskunum, eins og lesblindu og ADHD, og þá er barnið með tvær (eða fleiri) greiningar sem eru þá aðskildar. Tví- eða fjöltyngt barn getur verið með málþroskaröskun en það myndi þá koma fram í báðum tungumálum (Burnett o.fl., 2021).

Í þessum kafla er fjallað um hugtakið málþroskaröskun, auk þess sem ræddar eru orsakir og einkenni málþroskaröskunar og það hvernig greining fer fram. Þá er sérstaklega fjallað um úrræðin sem eru í boði.

### 3.1 Hugtakabreyting

Enska hugtakið *specific language impairment* hafði lengi verið notað í enskumælandi löndum en sérfræðingar áttu erfitt með að skilgreina eða greina það og því var ákveðið árið 2015 að skipa nefnd sem ætlað var að sjá um slíka skilgreiningu. Niðurstaða nefndarinnar var að hætt yrði að nota hugtakið *specific language impairment* og þess í stað talað um *developmental*

*language disorder* (DLD) (Bishop, 2017). Í kjölfar þess áttu sér stað svipaðar hugtakabreytingar í fleiri löndum. Á Íslandi höfðu verið notuð hugtök eins og *málhömlun*, *sértæk málþroskaröskun* eða *málgallar* fyrir málerfiðleika barna en eftir að DLD var tekið upp erlendis var hugtakið *málþroskaröskun DLD* tekið upp á íslensku (Málefli e.d.). Í þessari ritgerð er hugtakið *málþroskaröskun* látið nægja fyrir það sem raunverulega kallast *málþroskaröskun DLD*.

## 3.2 Orsakir málþroskaröskunar

Orsakir málþroskaröskunar geta verið mismunandi. Þær helstu eru erfðir, heilastarfsemi og umhverfisþættir. Genastökkbreyting getur valdið hættu á málþroskaröskun en vísindamenn hafa ekki skilgreint hvaða gen eða genasamsetningar valda því (Málefli, e.d.). Talið er að karlmenn séu líklegri til að fá málþroskaröskun en kvenmenn (Boerma o.fl., 2023). Auk þess virðast vera meiri líkur á að barn fái málþroskaröskun ef einhver í fjölskyldu þess er með hana líka (Burnett o.fl., 2021). Málþroskaröskun, eins og aðrar taugáþroskaraskanir, stafa af flóknu samspili erfða og umhverfis sem veldur því að heili barna með málþroskaröskun þroskast öðruvísi en barna með venjulegan málþroska. Ekki er þó vitað nákvæmlega hvers vegna það gerist (National Institute on Deafness and Other Communication Disorders, 2022a). Málþroskaröskun getur einnig fylgt öðrum röskunum eins og lesblindu og ADHD (Jóhanna Thelma Einarsdóttir, 2022).

Auk þess eru fleiri þættir sem spila inn í sem gera börn líklegri til að þróa með sér málþroskaröskun. Þannig eru börn líklegri til að hafa málþroskaröskun ef þau fæðast fyrir tímann (Málefli, e.d.), fæðast síðust í systkinaröðinni eða fá ekki brjóstamjólk frá móður sinni (Boerma o.fl., 2023) Heilkenni eins og Downs og einhverfa valda hins vegar ekki málþroskaröskun og tví- eða fjöltyngi, slæmt uppeldi eða tilfinningalegir erfiðleikar gera það ekki heldur (Burnett o.fl., 2021). En hvað er það sem einkennir málþroskaröskun?

## 3.3 Einkenni málþroskaröskunar

Í fyrirlestri Þóru Sæunnar Úlfisdóttur talmeinafræðings og Sigrúnar Jónínu Baldursdóttur grunnskólakennara (2022) kemur fram að börn með málþroskaröskun eru með minni orðaforða en jafnaldrar þeirra með dæmigerðan málþroska, eiga erfitt með að taka þátt í félagslegum

samskiptum, til dæmis að meðtaka brandara og vísbendingar í samræðum eða taka þátt í hröðu spjalli í hóp. Þau eiga erfitt með að skilja kaldhæðni, orðatiltæki, samlíkingar og málshætti. Auk þess geta þau átt erfitt með heyrnræna úrvinnslu (Þóra Sæunn Úlfsdóttir og Sigrún Jónína Baldursdóttir, 2022). Börnin geta átt í erfiðleikum með framburð og nota oft einfaldar og jafnvel illskiljanlegar setningar. Þá hafa þau síður frumkvæði en jafnaldrar þeirra með dæmigerðan málþroska að því að tala við aðra og eru ólíklegri til að leiðrétta viðmælanda sinn. Þegar talað er við börnin eiga þau til að svara ekki í samhengi ef þau skilja ekki það sem er sagt við þau, virðast ekki skilja það sem beðið er um og giska oft á svarið. Auk þess eiga þau erfitt með að finna rétt orð og muna munnlegar upplýsingar. Þegar þau tala nota þau mörg innskotsorð, rugla orðum saman og tala í kring um hlutina (Álfhildur Þorsteinsdóttir, 2023). Þau geta átt erfitt með að spyrja spurninga og fylgja flóknum fyrirmælum, auk þess sem þau eiga líklega í erfiðleikum með lestur, skrift, stafsetningu og stærðfræði þegar þar að kemur (Hogan, e.d.).

Mikilvægt er að hafa í huga að þó að þessir þættir séu algengir hjá börnum með málþroskaröskun þá kemur röskunin ekki eins fram hjá öllum börnum (Kuiack og Archibald, 2019). Ef grunur leikur á að börn séu með málþroskaröskun hefst ákveðið greiningarferli.

## 3.4 Greining

Stöðluð próf og matslistar eru notuð í leikskólum til að kanna stöðu barns miðað við jafnaldra þess. Gögnin gefa síðan til kynna hvort barnið þurfi skilgreinda málörvun og sérhæfð úrræði. Mikilvægt er að prófa og meta barnið sem fyrst til að greina málþroskaröskun eða önnur frávík svo hægt sé að hefja íhlutun og hjálpa barninu strax. Helstu próf og matslistar eru *Orðaskil – málþroskapróf* (fyrir 1,5–3 ára) sem mælir orðaforða barnanna og athugar hvort þau hafi vald á setningargerð og beygingarkerfi málsins, *HLJÓM–2* (fyrir 5–6 ára) sem kannar hljóðkerfisvitund, *Íslenski þroskalistinn* (fyrir 3–6 ára) þar sem mæður meta hæfni barns síns á mál- og hreyfisviði, *Íslenski smábarnalistinn* (fyrir 15–38 mánaða) sem metur hreyfiþroska, málþroska og sjálfsbjörg ungbarna og *TOLD-2P-málþroskapróf* (fyrir 4–9 ára) en það metur málskilning og máltjáningu (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, e.d.). Talmeinafræðingur gerir formlega greiningu á málþroskaröskun með því að leggja fyrir viðeigandi mælitæki og skoða hvernig einstaklingnum gengur að skilja, læra og nota talað og ritað mál. Þær niðurstöður eru síðan bornar saman við almenn viðmið út frá aldri og stundum



kyni. Þá er einnig mikilvægt að taka viðtal við einstakling eða foreldra, ef verið er að greina barn og fylgjast með félagslegum samskiptum og frammistöðu í skóla eða vinnu, til að meta áhrifin sem málþroskaröskun hefur á líf einstaklings (Málefli, e.d.).

Málþroskaröskun er yfirleitt ekki greind fyrir fimm ára aldur en þó er möguleiki á að hún sé greind fyrr ef aðrar breytur eru til staðar, eins og erfiðleikar við að skilja og/eða nota talað mál eða fjölskyldusaga um málþroskaröskun (Burnett o.fl., 2021). En hvað er hægt að gera ef barn greinist með málþroskaröskun?

### 3.5 Úrræði

Ef grunur er um frávík í málþroska hjá barni er mikilvægt að grípa snemma inn með snemmtækri íhlutun (e. early intervention) og málörvun til að aðstoða börnin með erfiðleika þeirra (Málefli e.d.). Báðar aðferðir miða að því að ýta undir orðaforða og málþroska barna (Marta Eydal o.fl., 2019; Andrea Hálfánardóttir og Karen Ósk Sigurðardóttir, 2020).

Markmið snemmtækrar íhlutunar er að ýta markvisst undir þroska barnsins. Mikilvægt er að byrja eins snemma og hægt er að greina málþroskafrávík svo hægt sé að byrja á íhlutuninni snemma á þroskaskeiði barns og þarf hún að standa yfir í lengri tíma því hún gerir þá meira gagn en íhlutun sem byrjar seint og stendur yfir í styttri tíma (Marta Eydal o.fl., 2019; Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014, bls. 12). Miðað er við að íhlutunin sé snemmtæk ef hún fer fram á tímabilinu frá því að barnið fæðist og til sex ára aldurs (Tryggvi Sigurðsson, 2006) því þegar börnin eru svona ung þá er heilastarfsemi þeirra ekki fullmótuð og eru þau móttækilegri fyrir íhlutun (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014, bls. 14). Þannig minnka líkurnar á því að börn sem fá snemmtæka íhlutun glími við námsörðugleika og þau öðlast betra tækifæri til náms, sérstaklega ef barnið er með frávík í málþroska svo sem málþroskaröskun (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021, bls. 5).

Snemmtæk íhlutun í málörvun byggir meðal annars á því að finna út með hvaða málspætti þarf að vinna og veita svo markvissa þjálfun (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021, bls. 7). Þeir sem sjá aðallega um íhlutunina eru talmeinafræðingar en til þess að snemmtæk íhlutun virki sem best er mikilvægt að sá sem veitir hana hafi þekkingu á erfiðleikum barnsins, að íhlutunin fari fram í eðlilegu umhverfi þess og að fjölskylda, talmeinafræðingar og leikskólakennarar vinni vel saman (Tryggvi Sigurðsson, 2006). Í snemmtækri íhlutun í málörvun felast ýmsar leiðir til að

epla málþroska barna, til dæmis að kenna þeim að nota viðeigandi mál, styrkja hljóðkerfi þeirra og framburður auk annarra leiða sem talmeinafræðingar hafa og sem taka mið af þörfum hvers barns (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014, bls. 15-16).

Með málörvun eru allir þættir málsins þjálfaðir og örvaðir, svo sem tal, orðaforði, hlustun og málskilningur, ritun og lestur – en allt er það undirstaða góðs málþroska og þekkingar á tungumálinu. Það má því segja að málörvun felist í mörgum samofnum þáttum sem fléttast saman á margs konar vegu. Einnig má flétta hana inn í allt starf innan leikskólans (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011). Málörvun er því gríðarlega mikilvæg fyrir börnin og hana má nýta á marga vegu. Auk markvissar málörvunar er mikilvægt að foreldrar og leikskólakennarar, og annað starfsfólk leikskóla, séu dugleg við að spjalla við börnin og spyrja þau opinna spurninga því málörvun fer bæði fram heima og á leikskólum. Til að börnin læri rétt mál og réttan framburð er mikilvægt að sá sem talar við þau tali skýrt og rétt mál (Andrea Hálfðánardóttir og Karen Ósk Sigurðardóttir, 2020).

Í leikskólanum er hægt að nýta málörvunina á alls konar vegu við ýmsar aðstæður, hvort sem það er í skipulögðum málörvunarstundum eða í dagsins önn. Þó eru leikskólabörn með frávík í málþroska oft sett í þar til gerða málörvunarhópa þar sem unnið er sérstaklega með málörvun (Andrea Hálfðánardóttir og Karen Ósk Sigurðardóttir, 2020). Þessi hópavinna fer oft fram í skipulögðum málörvunarstundum sem kennarinn stýrir (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2011). Þegar málörvunarstundir eru byggðar upp skiptir máli að málörvunarefnið sem er valið hæfi hverju barni og að markmið stundarinnar séu skýr. Huga þarf vel að því að mæta þörfum barnanna og til að allir fái að njóta sín má hópurnir ekki vera of stór (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2021, bls. 1-2).

Eins og fram hefur komið getur málörvun einnig farið fram í dagsins önn og mikilvægt er að tengja hana við athafnir barnanna og viðburði dagsins (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2011). Leikskólakennarar gefa börnum mikla málörvun einfaldlega með því að tala við þau en slík samskipti, þegar börn og fullorðnir tala saman, veita góða og árangursríka málörvun. Þessi samskipti veita kjörið tækifæri til að spyrja börnin opinna spurninga þar sem þeim gefst færi á því að útskýra og ræða hlutina, auk þess sem hægt er að veita þeim góða fræðslu ef þau eru sjálf með spurningar (Sigríður Ólafsdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir, 2022). Einnig fá börnin tækifæri til að æfa sig að tala og æfa framburð sinn (Andrea Hálfðánardóttir og Karen Ósk Sigurðardóttir, 2020).

### 3.6 Áhrif málþroskaröskunar á líf barna

Eins og fram hefur komið getur málþroskaröskun haft áhrif á námsárangur, málskilning og málnotkun (National Institute on Deafness and Other Communication Disorders, 2022a). Þau eiga á hættu á að lenda í félagslegri einangrun, þróa með sér kvíða, þunglyndi, hegðunarvanda og slaka sjálfsmynd (Soffía Elín Sigurðardóttir, 2022). Vegna erfiðleika barnanna með málnotkun geta þau átt í erfiðleikum með að tjá tilfinningar sínar og vinna úr vandamálum (Burnett o.fl., 2021) sem getur vegið á andlegu hlið þeirra.

Lífsgæði barna með málþroskaröskun eru verri en hjá börnum með dæmigerðan málþroska og talið er að þau fari versnandi með aldrinum ef ekki er gripið inn í (Eadie o.fl., 2018). Börnin finna fyrir því að þau eru ekki jafn fær í málinu og jafnaldrar þeirra sem getur valdið því að þau finni fyrir vanhæfni. Auk þess getur hræðsla barnanna við álit og viðbrögð annarra komið í veg fyrir að þau biðji um hjálp, til dæmis frá kennurum, ef þau vantar aðstoð með að skilja það sem þau eru að læra (Ekström o.fl., 2023).

Þegar komið er á unglings- og fullorðinsár er ólíklegt að fólk með málþroskaröskun fari í áframhaldandi nám eftir grunnskóla eða hætta snemma í skóla. Þau geta átt erfitt með að halda í vini og að vera partur af samfélaginu (Dubois o.fl., 2020). Stelpur með málþroskaröskun eru taldar þrisvar sinnum líklegri til að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi en jafnaldrar þeirra sem eru ekki með málþroskaröskun, strákar með málþroskaröskun eru taldir vera fjórum sinnum líklegri til að vera afbrotamenn og talið er að fullorðnir með málþroskaröskun séu líklegri til að vera lengur atvinnulausir en þeir sem eru ekki með málþroskaröskun (McGregor, 2020).

Hér hefur verið gerð grein fyrir því hvað málþroskaröskun er, hvers vegna hún er, hvernig hún er og hvað er hægt að gera við henni. Í kaflanum hér á eftir verður sagt frá nokkrum rannsóknum sem hafa verið gerðar á málþroskaröskun hjá börnum til að finna aðferðir sem aðstoða börnin með málerfiðleika þeirra.



## 4 Rannsóknir

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á málþroskaröskun, svo sem hvers vegna einstaklingar fá hana og hvað sé hægt að gera til að hjálpa þeim sem hafa hana. Þó hefur rannsókn á stöðu barna sýnt að málþroskaröskun er ekki eins mikið rannsökuð og aðrar raskanir, mögulega vegna þess að hún er ekki eins þekkt og henni fylgir ekki líkamleg fötlun eins og sumum öðrum (McGregor, 2020).

Eins og áður hefur komið fram er málþroskaröskun ekki greind fyrr en um fimm ára aldur og þess vegna er leikskólaaldurinn góður tími til að veita börnum góðan grunn fyrir góðan málþroska. Börn með málþroskaröskun fara oft til talmeinafræðinga eða sérkennara fyrir sértæka íhlutun og síðan er oft unnið með málörvun í daglegu starfi inni á deild. Hér er fjallað um nokkrar rannsóknir sem sýna leiðir til íhlutunar fyrir börn með málþroskaröskun.

### 4.1 Endurheimtunar- og viðmiðunarmiðað nám

Góður orðaforði byggir nauðsynlegan grunn fyrir lestrarnám og hefur áhrif á námsárangur barna þegar þau byrja í grunnskóla. Þess vegna er mikilvægt að styrkja snemma orðaforða barna með málþroskaröskun. Gordon o.fl. (2024) könnuðu hvort hægt væri að nota endurheimt og viðmiðun (e. retrieval-and criterion-based approach) fyrir íhlutun í málörvun barna með málþroskaröskun og hvort það beri árangur. Endurheimtunar- og viðmiðunaraðferðin var notuð við íhlutun í orðakennslu sjö barna á leikskólaaldri og lögð var áhersla á getu barna til að læra bæði orðmynd og merkingu orðanna, þar sem hvort tveggja er mikilvægt fyrir góðan námsárangur. Þjálfun sem byggir á endurheimt gerir ráð fyrir því að barninu sé ekki bara kennd orðin heldur eru þau beðin um að sækja þau síðar á virkan hátt úr langtímaminni og nota þau (Gordon o.fl., 2024).

Þó að orðakennsla sem byggir á endurheimt beri oft meiri árangur hentar oft ekki að nota sömu aðferð á alla nemendur. Til að auka skilvirkni er hægt að blanda saman þjálfun sem byggir á endurheimt og þjálfun sem byggir á viðmiðum, en þar eru einstök orð þjálfuð þangað til

fyrirfram ákveðnu viðmiði hefur verið náð. Þannig er til dæmis unnið með orð þar til nemandi hefur náð því rétt þrisvar sinnum. Með því að innleiða viðmiðunartengda nálgun er tímanum vel varið í að læra orðin, nemandinn fær meiri þjálfun með orðum sem erfiðara er að læra og minni þjálfun í orðum sem auðveldara er að læra (Gordon o.fl., 2024).

Þátttakendur rannsóknarinnar voru sjö börn á aldrinum fjögurra til sjö ára. Hvert barn tók þátt í tveimur forprófunum, fimmtán þjálfunarlotum og þremur eftirprófunum. Þjálfun fór fram tvisvar í viku. Börnin fengu einskonar þjálfunarkubba sem þau fóru yfir þar til þau lærðu bæði orðmynd og merkingu orðanna. Í byrjun hverrar æfingarlotu var barnið beðið um að sækja upplýsingar um orð sem það hafi æft áður úr langtímaminni og ef þau náðu orðmynd og merkingu orðanna réttu í byrjun lotu tvisvar sinnum hafði barnið náð viðmiðinu. Ákváðu rannsakendur að miða við tvö skipti fyrir orðmynd og tvö fyrir merkingu, vegna þess að það að sækja orðmynd og merkingu í upphafi einnar lotu gefur til kynna að upplýsingarnar hafi verið sameinaðar í langtímaminni og hægt sé að sækja þær þangað (Gordon o.fl., 2024).

Rannsóknarspurningarnar voru fjórar.

1. Er nálgun sem byggir á endurheimt og viðmiðun í inngripi í orðanámi möguleg og árangursrík fyrir börn með málþroskaröskun?
2. Hvernig tengjast viðbrögð barnsins við einstöku orði, meðan á íhlutun stendur, varðveislu og endurheimt þess orðs eftir íhlutun?
3. Hver eru einkenni barna sem sýna mismunandi viðbrögð við inngripinu?
4. Með nálgun sem byggir á viðmiðun, hvaða breytileika má sjá milli barna í fjölda þjálfunarlota sem börn fengu fyrir orð?

Svörin við þessum spurningum eru síðan leiðandi fyrir framtíðarrannsóknir þar sem mögulegt er að betrumbæta skilvirkni aðferða við orðakennslu barna með málþroskaröskun (Gordon o.fl., 2024).

Niðurstöður fyrir fyrstu spurninguna sýndu að nálgunin væri árangursrík og möguleg fyrir börn með málþroskaröskun. Inngripið var einnig árangursríkt þar sem sex af sjö börnum sem tóku þátt lærðu orðin sem kennd voru. Börnin náðu að læra orðmynd og merkingu orðanna vel, en áttu þó erfiðara með að læra orð sem ekki voru tengd áþreifanlegum hlutum. Niðurstöður spurningar númer tvö sýndu að góðar líkur eru á varðveislu og endurheimt eftir þjálfun þegar viðmið eru sett á orðin. Átta vikum eftir síðustu þjálfunarlotuna mundu börnin frekar orðmynd þeirra orða þar sem þau náðu viðmiðunum en þeirra orða þar sem þau náðu ekki. Hins vegar mundu börnin merkingu orða vel rétt eftir íhlutun en hún dvínaði síðan með tímanum.

Niðurstöður úr spurningu númer þrjú sýndu misleitni barna með málþroskaröskun og breytileika í aldri, móttækileika orðaforða og munnlegu vinnsluminni. Niðurstöður fjórðu spurningarinnar sýndu breytileika milli barna í því hvort þau lærðu orðmynd eða merkingu tiltekins orðs á undan. Þegar á heildina er litið áttu börnin auðveldast með að læra nafnorð, næst lýsingarorð og síðan sagnorð. Þó var einstakingsbreytileiki innan allra þriggja orðategundanna (Gordon o.fl., 2024).

## 4.2 Kerfisbundin úttekt á virkni meðferðar á málþroskaröskun

Rinaldi o.fl. (2021) gerðu kerfisbundna úttekt á virkni meðferðar á málþroskaröskun með því að bera saman niðurstöður mismunandi rannsókna það sem mismunandi aðferðum var beitt og niðurstöðurnar skoðaðar með tilliti til meðferðar fyrir börn með málþroskaröskun. Markmið þessarar yfirlitsrannsóknar var að greina með kerfisbundnum hætti árangur inngripa fyrir börn með málþroskaröskun út frá gagnreyndu sjónarhorni og með því finna árangursríkar meðferðir fyrir börn með málþroskaröskun. Lögð var áhersla á inngríp sem unnu með mismunandi þætti tungumálsins, svo sem hljóðkerfi, orðaforða, setningafræði og skilning. Þá var mismunandi hver sér um inngripið en það gæti verið talmeinafræðingur, kennari eða foreldrar sem hafa fengið fræðslu hjá sérfræðingum. Auk þess er misjafnt hvar inngripið fer fram, hvort það er í klínísku umhverfi, eins og á stofu talmeinafræðings, í skólanum eða heima hjá barninu. Lengd inngripa er einnig breytileg (Rinaldi o.fl., 2021).

Skoðaðar voru 27 rannsóknir sem könnuðu þjálfun mismunandi þátta. Þeir þættir voru: hljóðkerfisleg tjáningarhæfni (e. expressive phonological skills), móttækileg hljóðkerfisfærni (e. receptive phonological skills), tjáningarorðaforði (e. expressive vocabulary), formfræðileg og setningarfræðileg tjáningarfærni (e. morphological and syntactic expressive skills), formfræðileg og setningafræðileg móttaka (e. morphological and syntactic receptive skills), frásagnarhæfni (e. narrative skills), grunnhljóðkerfisfærni (e. meta-phonological skills) og almenn málfærni (e. general language skills). Inngrípin sem voru mest rannsökuð voru þeir þættir sem snúa að tjáningarfærni en sú færni er takmörkuð meðal barna með málþroskaröskun, og mögulega sú takmörkun þeirra sem sést best (Rinaldi o.fl. 2021). Hér verða taldar upp þær aðferðir sem rannsakendum fannst áhrifaríkastar.

Í hljóðkerfislegri tjáningarhæfni voru tvær aðferðir, ein þeirra skoðaði andstæð hljóðapör (fónemapör) þar sem börnin gátu æft framburð samhljóða og hin bar saman virkni hljóðkerfismeðferðar, sem byggð var á hljóðkerfisvitund, hljóðkerfisverkefnum, hlóðrænni mismunun og hlustun, og meðferð á framburði. Niðurstöður rannsakenda voru þær að slíkt hljóðkerfislegt inngrip gæti leitt til talsverða umbóta ef framkvæmt oft en í takmarkaðan tíma, til dæmis þrisvar í viku í fimm vikur (Rinaldi o.fl., 2021).

Þrjár rannsóknir snéru að formfræði og setningafræði. Í fyrsta lagi var um að ræða rannsókn sem mat árangur þess að láta börn hlusta á endurgerð samtöl fullorðinna til að leiðrétta formfræðilegar og málfræðilegar villur. Þá var rætt um rannsóknir sem láta börnin endursegja sögur og eins var fjallað um aðferð þar sem börn voru leiðrétt, eftir að það gerði villu í máli, til að reyna að fá rétt mál. Þrátt fyrir árangur þessara aðferða gátu rannsakendur ekki fundið út hver gæti hentað best fyrir börn með málþroskaröskun (Rinaldi o.fl., 2021).

Fyrir almenna málfærni voru skoðaðar þrjár svipaðar aðferðir sem fóru fram á heimilum barnanna en þá sáu foreldrarnir, eftir að hafa fengið sérstaka þjálfun, um íhlutunina undir eftirliti sérfræðings. Í þjálfuninni fengu foreldrar leiðbeiningar um það hvernig þeir geta átt í samskiptum við börnin sín með það að markmiði að auka orðaforða þeirra og efla samskiptahæfni. Þetta inngrip er talið hvetja til þess að betri málfærni verði nýtt í kring um barnið í dagsins önn. Í annarri aðferð sem snýr að almenni málfærni var útveguð kennsluáætlun sem kennarar fylgdu til að efla talmál og lestrarfærni barna með málþroskaröskun. Rannsakendur töldu sig ekki geta dregið ályktun um árangur inngripa í almennri málfærni vegna annarra rannsókna sem sýndu ófullnægjandi niðurstöður (Rinaldi o.fl., 2021).

Af þessum 27 aðferðum sem rannsakendur skoðuðu töldu þau þessar átta sem nefndar voru árangursríkastar, þó fannst þeim þau ekki geta sagt um hvað myndi bera mestan árangur fyrir börn með málþroskaröskun vegna misleitni milli rannsókna og að breytum, eins og staðsetning, tíðni og tímalengd inngripa, aldur barna og lýsing á því hvernig upplýsingar voru metnar, voru ekki lýst nægilega vel af höfundum. Vegna þessa niðurstaðna telja rannsakendur mikilvægt að málþroskaröskun verði rannsökuð meira til að fá skýrar niðurstöður (Rinaldi o.fl., 2021).



## 4.3 Íhlutun fyrir málskilning hjá leikskólabörnum með málþroskaröskun

Þriðja rannsóknin sem fjallað er um prófaði íhlutun fyrir málskilning hjá leikskólabörnum með málþroskaröskun. Börn með málþroskaröskun eiga í erfiðleikum með að læra tungumál og hefur það áhrif á bæði talað mál og málskilning. Rannsakendur telja það meira rannsakað hvernig er hægt sé að hjálpa þeim með talaða málið og orðaforðann en að málskilningurinn sé minna rannsakaður og því leggja þeir áherslu á huga betur að þeim þáttum sem liggja málskilningi til grundvallar. Tilgátan sem var prófuð var er þessi: Bæði þeir nemendur sem greinast með málþroskaröskun og þeir sem eru með dæmigerðan málþroska munu sýna meiri árangur í málskilning, mælt með tilliti til viðfangsefnanna *hugtök og fylgja fyrirmælum (Concepts and following directions)*, *orðflokkar – móttækilegir (Word classes – receptive)*, *setningaskipan (sentence structure)*, *skilningur á málsgreinum og frásögnum (Comprehension of paragraphs and narratives)*, *vinnsluminni (Working memory)* og *merkingafræði (Semantic fluency)* í kjölfar íhlutunarinnar en samanburðarhópur með málþroskaröskun og samanburðarhópur með dæmigerðan málþroska (Acosta-Rodríguez o.fl., 2022).

Þátttakendur rannsóknarinnar voru 99 fimm ára börn, bæði börn með dæmigerðan málþroska og börn með málþroskaröskun. Þeim var skipt í fjóra hópa, tveir hópar með börnum með málþroskaröskun, annar sem fékk íhlutun og hinn samanburðarhópur og tveir hópar með dæmigerðan málþroska þar sem annar hópurinn fékk íhlutun og hinn var samanburðarhópur. Lagt var fyrir börnin eitt forpróf fyrir íhlutun og eitt eftirpróf eftir íhlutun. Leikskólakennarar og talmeinafræðingar sáu um að framkvæma áætlun sem rannsakendur gerðu, fengu þau þjálfun frá rannsakendum og voru síðan undir leiðsögn þeirra meðan á íhlutun stóð. Íhlutunin fór fram í leikskólunum (Acosta-Rodríguez o.fl., 2022).

Hópur barnanna með málþroskaröskun sem fékk íhlutun sýndi meiri framför en hinir hóparnir í viðfangsefnunum *orðflokkar – móttækilegir*, *setningaskipan*, *vinnsluminni* og *merkingafræði*. Auk þess sýndu báðir hóparnir sem fengu íhlutun meiri framför en hóparnir sem ekki fengu íhlutun í viðfangsefnunum *skilningur á málsgreinum og frásögnum*, *hugtök og fylgja fyrirmælum* en ekki sást munur milli hópanna sem fengu íhlutun. Á heildina litið voru börn með málþroskaröskun með verri færni í málskilningi en börn með dæmigerðan málþroska, þau eiga erfitt með að skilja orð og setningar auk þess sem þau eiga í erfiðleikum með að búa til

hugræna framsetningu á frásögnum sem þau hlusta á. Rannsakendur telja það mikilvægt að þjálfa þessa þætti hjá öllum börnum, hvort sem þau eru með málþroskaröskun eða ekki, því það mun gagnast þeim fyrir framtíðarnám (Acosta-Rodríguez o.fl., 2022).

Hér komu fram nokkrar rannsóknir sem hafa verið gerðar á inngripum sem mögulegt er að nota til að hjálpa börnum með málþroskaröskun. Inngripin hafa innihaldið íhlutun í orðakennslu, hljóðkerfislegri tjáningarhæfni, formfræði og setningafræði, almennri málfærni og málskilning. Í næsta kafla verður komið með hugmyndir að aðferðum fyrir leikskólakennara og annað leikskólastarfsfólk til að vinna með inni á deild með börnum með málþroskaröskun. Hugmyndirnar eru byggðar á inngripunum í rannsóknunum.

## 5 Hvernig er hægt að nota niðurstöðurnar í daglegu leikskólastarfi?

En þá er það spurningin, hvað geta leikskólakennarar gert með niðurstöður þessarar rannsóknar? Til eru ýmsar aðferðir sem leikskólakennarar geta nýtt sér í málörvun með börnum með málþroskaröskun í daglegu leikskólastarfi. Hér verða kynntar nokkrar aðferðir og rætt hvernig hægt er að laga þær betur að börnum með málþroskaröskun.

*Orðaspjall* (e. Text-talk) er aðferð sem nú þegar er notuð á mörgum leikskólum en hún byggist á því að kennari les bók með börnunum, staldrar við fyrirfram ákveðin orð og ræðir þau og útskýrir merkingu orðsins í stuttu máli. Eftir lesturinn fá börnin nánari útskýringu á orðinu og síðan er unnið meira með orðið (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013, bls.28). Þegar þessi aðferð er notuð er yfirleitt lögð megináhersla á orð sem eru ekki mjög algeng í talmáli barnanna (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013, bls. 35). Þegar kemur að börnum með málþroskaröskun þarf mögulega að leggja áherslu á algengari orð, þar sem mikilvægt er að þau skilji merkingu orðanna sem þau heyra reglulega. Í málörvun inni á deild er vel mögulegt að taka eitt til tvö orð á viku til að læra og geta leikskólakennarar komið sér saman um að nota þau mikið þá vikuna, til dæmis ef orð vikunnar er orðið *matartími* þá er hægt að koma með útskýringar á því og spyrja barnahópin „*hvað er matartími?*“ og þá geta hin börnin, sem eru með venjulegan málþroska, hjálpað kennurunum að útskýra það fyrir börnunum með málþroskaröskun.

Önnur aðferð sem mögulegt er að nota er kölluð *Samræðulestur* (e. Dialogic Reading) en það er kerfisbundin leið til að fá börnin til að ræða meira um bækur og innihald þeirra. Markmið samræðulesturs er að auka orðaforða barnanna og efla málhæfni (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.). Þegar bók er lesin í leikskólum er það yfirleitt kennarinn sem les og börnin hlusta, þessi aðferð leyfir börnunum að vera sögumennirnir og kennarinn hlustar og spyr börnin spurninga út í söguna. Hlutverk kennarans í samræðulestri er að

- hvetja barnið til þess að tjá sig um bókina,
- meta viðbrögð barnsins,
- útvíkka viðbrögð barnsins með því að endurorða og bæta við upplýsingum,
- endurtaka til að ganga úr skugga um að barnið hafi mótttekið nýju upplýsingarnar.

Til að koma með dæmi um þetta ferli getur kennari bent á mynd af stuttermabol og spurt „*hvað er þetta?*“. Þá svarar barnið „*bolur*“ og kennarinn segir þá „*já, þetta er rauður*

stuttermabolur“ og síðan „getur þú sagt rauður stuttermabolur?“. Til að hefja þetta ferli eru fimm spurningar sem gott er að hafa í huga. Sú fyrsta er að fá barnið til að ljúka við setningu sem kennarinn byrjar á: „Kisan er ekki stór heldur \_\_\_?“ Þá svarar barnið mögulega „lítil“. Önnur spurningin er að fá barnið til að rifja upp söguþráðinn, til dæmis með því að spyrja að því hvað kisan ætlaði að gera í skóginum. Í þeirri þriðju eru spurðar opnar spurningar eins og „hvað er að gerast á blaðsíðunni?“. Fjórða spyr af hverju- og hv- spurninga, til dæmis „hvað er þetta?“. Að lokum snýst fimmta spurningin um að spyrja um eitthvað út fyrir bókina til að brúa bilið milli bóka og raunveruleika. Spurningin gæti til dæmis verið „átt þú kisu?“ eða „þekkir þú einhver sem á kisu?“ (Whitehurst, e.d.). Með þessari aðferð er barnið bæði að fá dýpri skilning á orðinu og hlutnum, auk þess sem það fær æfingu í því að segja frá og pæla betur í því sem er að gerast, bæði í bókinni sem og raunveruleikanum. Þegar unnið er með börnum með málþroskaröskun er sennilega betra að hafa bækurnar og spurningarnar einfaldar og að hafa bækur sem barnið hefur áhuga. Síðan er hægt að vinna markvisst með orðin í öðru starfi leikskólans til að börnin fái að heyra þau í fjölbreyttu samhengi. Þessi leið gagnast vel til að efla orðaforða og málhæfni barna, auka áhuga barna á bókum sem og ímyndunarafl þeirra. Auk þess gæti það, að börnin fái að segja öðrum sögu, aukið sjálfstraust þeirra og hvatt þau til þess að halda því áfram.

Almennt séð er bókalestur góð leið til að auka orðaforða barna, efla máltjáningu og málskilning og styrkja hljóðkerfisvitund, hvort sem aðferðum Orðaspjalls, Samræðulesturs eða einhverjum öðrum er fylgt. Þá er gott er að staldra við meðan lesið er og velta efni bókarinnar fyrir sér með barninu. Ekki þarf að lesa alla bókina í einu ef barnið hefur ekki athyglina í það heldur duga nokkrar mínútur í einu (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021, bls. 66-67). Þegar lesið er með barni með málþroskaröskun er sérlega mikilvægt að velja einfalda bók sem grípur athygli barnsins.

Nokkrar bækur eru þannig settar upp að þær taki tillit til barna með lesblindu, athyglis- eða einbeitingaskort og þar má meðal annars nefna bókina *Töfratapparnir* eftir Valdísi Ingibjörgu Jónsdóttur (2019). Bókin er samín með það að markmiði að fræða bæði börn og fullorðan um skaðsemi hávaða á rödd og heyrn og fjallar því um talfærin okkar og hvernig okkur ber að vernda þau fyrir utanaðkomandi áreiti. Lesandinn fylgir eftir tveim töfratöppum sem skoða talfæri í mönnum. Hægt er að lesa eina sögu í einu og ræða vel innihald hennar og börnin geta einnig skoðað sín eigin talfæri og lært um röddina sína.

Einnig henta bækurnar um *Mimi* börnum með málþroskaröskun þar sem þær segja stuttar og einfaldar sögur og notuð er tjáskiptaaðferðin *tákn með tali* (TMT) fyrir lykilorð hverrar setningar. Útgefandi bókanna um Mimi er Mimi Saga sem þróað hefur aðferðarfræði í tjáskiptum sem miðar af upplifun, þörfum og hugarheimi ungra barna og hefur það að markmiði að efla og laða fram máltjáningu þeirra. Bækurnar fjalla um Mimi sem notar einföld tákni til að segja stuttar sögur, en táknið er notið til að kalla fram orðmyndun barnanna. Þegar þau hafa náð orðmynduninni hætta þau að nota táknið og segja orðin í staðinn (Mimi saga, e.d.). Þegar lesið er um Mimi er gott að lesandinn geri táknið þegar hann les orðið til að börnin sjái það og gæti hermt eftir. Bækurnar um Mimi henta því vel öllum sem hafa áhuga á málörvun og nýttast því bæði foreldrum og starfsmönnum leikskóla.

*Sögugrunnur* er námstæki sem ætlað er að styðja við börn í sögugerð. Markmiðið með námstækinu er að vekja áhuga barnanna á ritmáli og tengslum ritmáls og talmáls og að efla frásagnarhæfni barna og þar með málþroska þeirra líka því þegar þau segja sögu reyna þau á flesta þætti máls, til dæmis framburð, orðaforða, setningagerð og sögubyggingu. *Sögugrunnur* inniheldur spjöld með myndum, orðum og stöfum. Spjöldin eru með segul á bakhliðinni til að auðvelt sé fyrir börnin að raða þeim á stálplötu eða töflu til að geta búið til söguna sína. Engin ein leið er til þess að nota efnið heldur eru möguleikarnir endalausir og um að gera að finna sínar eigin leiðir (Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir, 2009). Þegar kemur að börnum með málþroskaröskun er hægt að vera með nokkur börn saman, til dæmis eitt barn með málþroskaröskun og tvö með dæmigerðan málþroska. Það að hafa börnin með dæmigerðan málþroska með getur hvatt barnið með málþroskaröskun til að reyna að búa til sögu líka, ef eitt barn í einu býr til sögu og börnin með dæmigerðan málþroska byrja. Þá fær barnið með málþroskaröskun líka að sjá hvernig hinir búa til sögu og fær kannski hugmynd að sinni eigin sögu. Möguleiki er á því að barnið með málþroskaröskun velji sér myndir, setji þær upp á töflu og segi svo ekkert. Það er hins vegar byrjun og þá er hægt að prófa aftur seinna.

*Lubbi finnur málbein* er skemmtilegt efni fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára til að þjálfa framburð, hljóðánám, stafabekkingu, orðaforða og að tengja hljóð við staf. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar til að læra að tala og til þess þarf hann að læra íslensku máhljóðin. Efnið sem fylgir Lubba er bók þar sem vísur og stuttar sögur eru nýttar til að kynna íslensku máhljóðin, fjórar hljóðasmiðjur sem byggðar eru á táknrænum hreyfingum, örsögum og verkefnum, hljóðstöðumyndum og lestri og ritun, auk veggspjalda og mynddisks og geisladisks með vísur

(Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2021, bls. 78; Lubbi, e.d.). Hægt er að nýta þetta efni til að æfa framburð hjá börnum með málþroskaröskun. Börnin geta fengið að hlusta á vísurnar og sögurnar til að heyra réttan framburð á hljóðunum og geta tengt stafina við hljóðin, sem hjálpar síðan til þegar þau fara að læra að lesa.

Hugmyndirnar sem komu fram hér að ofan er til dæmis hægt að nota í samverustundum eða hópavinnu. Henta þær fyrir öll börn hvort sem þau eru með málþroskaröskun eða ekki því þær eru allar hugsaðar til að efla málþroska og málvitund barna. Ekki þarf neina sérstaka menntun eða kunnáttu til að framkvæma þessar aðferðir með börnunum, nema gott er að einstaklingurinn kunni að lesa. Auk þess er auðvelt að aðlaga aðferðirnar að öllum börnum þannig að allir hafi gaman að. Í næsta kafla eru lokaorð þar sem niðurstöður ritgerðarinnar koma fram.

## 6 Lokaorð

Málþroskaröskun er frávik í máli sem getur haft víðtæk áhrif á líf einstaklinga sem lifa með röskuninni og mikilvægt er að gripið sé inn í með íhlutun og málörvun til að aðstoða þessi börn með erfiðleika sína. Orsakir málþroskaröskunar geta verið vegna erfða, heilastarfsemi eða annarra umhverfisþátta og einkennist hún til dæmis af minni orðaforða, lélegum framburði og einföldum og illskiljanlegum setningum. Talmeinafræðingar sjá um greiningu á röskuninni og þeir, kennarar og foreldrar sjá um íhlutun og málörvun hjá börnunum. Áhrifin sem röskunin getur haft á líf barna eru mismunandi; þau geta til dæmis lent í félagslegri einangrun, þróað með sér andleg vandamál og verið hrædd um álit og viðbrögð annarra vegna röskunar sinnar.

Þó að málþroskaröskun sé ekki mikið rannsökuð miðað við aðrar raskanir hafa ýmsar rannsóknir þó verið gerðar á henni og hér voru ræddar þrjár rannsóknir sem könnuðu mismunandi leiðir til að aðstoða börn með málþroskaröskun. Sú fyrsta fjallaði um orðaforðakennslu með endurheimtunar- og viðmiðunarmiðuðu námi sem sýndi góðan árangur. Önnur var kerfisbundin úttekt á virkni meðferðar á málþroskaröskun þar sem nokkrar aðferðir sýndu árangur og þá sérstaklega þegar kom að hljóðkerfislegri tjáningarhæfni. Og þriðja rannsóknin skoðaði áhrif íhlutunar á málskilning hjá leikskólabörnum með málþroskaröskun þar sem börnin með málþroskaröskun sýndu árangur í þáttunum orðflokkar – móttækilegir, setningaskipan, vinnsluminni og merkingarfræði.

Að lokum voru ræddar nokkrar hugmyndir sem leikskólakennarar geta notað til að efla málþroska barna almennt þótt áherslan hér sé vissulega á börn með málþroskaröskun. Um var að ræða aðferðir eins og orðaspjall, samræðulestur, sögugrunnur og Lubbi finnur málbein auk þess sem rætt var um bókalestur og þá sérstaklega bækur sem henta vel börnum með málþroskaröskun. Hugmyndirnar eru mjög skemmtilegar og hægt er að nýta þær með öllum börnum.

Þrátt fyrir að málþroskaröskun hafi fengið aukna athygli á síðari árum þarf að gera enn betur því ljóst er að þeim meira sem vitað er, þeim betur er hægt að koma til móts við börn með málþroskaröskun og þannig auka líkurnar á að þau fái að þroskast og dafna á sama hátt og önnur börn.

# Heimildir

- Acosta-Rodríguez, V. M., Ramírez-Santana, G. M. og Hernández-Expósito, S. (2022). Intervention for oral language comprehension skills in preschoolers with developmental language disorder. *International Journal of Language and Communication Disorders*, 51(1), 90-102. <https://doi.org/10.1111/1460-6984.12676>
- Andrea Hálfðánardóttir og Karen Ósk Sigurðardóttir. (2020). *Málörvun leikskólabarna með málþroskafrávik: Samstarf þroskaþjálfra og talmeinafræðinga*. [Lokaverkefni til BA-prófs, Háskóli Íslands]. Skemman.  
<https://skemman.is/bitstream/1946/36647/1/Málörvun%20leikskólabarna%20með%20málþroskafrávik.pdf>
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2011). *Skýrsla um málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið* [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/malumhv\\_leiksk\\_2011.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/malumhv_leiksk_2011.pdf)
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2011). Leikur og læsi í leikskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>
- Álfhildur Þorsteinsdóttir. (2023). *Málþroskaraskanir: Einkenni og afleiðingar*. Málefli.  
<https://www.malefli.is/is/fraedsla/fyrirlestrar>
- Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2013). *Orðaspjall. Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bókaestri*. Leikskólinn Tjarnarsel.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir. (e.d.). *Málþroskaraskanir*. Lesvefurinn.  
<https://lesvefurinn.hi.is/node/149>
- Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Höfundar.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík og Sara Tosti. (2021). *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn. Verkfærakista hugmynda*. Höfundar.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2021). *Uppbygging málörvunartíma*. Menntamálastofnun.  
[https://mms.is/sites/mms.is/files/snemmbaer\\_sjafilstjorn\\_1pr.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/snemmbaer_sjafilstjorn_1pr.pdf)
- Bishop D. V. M. (2017). Why is it so hard to reach agreement on terminology? The case of developmental language disorder (DLD). *International journal of language & communication disorders*, 52(6), 671–680. <https://doi.org/10.1111/1460-6984.12335>



- Boerma, T., ter Haar, S., Ganga, R., Wijnen, F., Blom, E. Og Wierenga, C. J. (2023). What risk factors for Developmental Language Disorder can tell us about the neurobiological mechanisms of language development. *Neuroscience and Biobehavioral Reviews*, 154, 105398. <https://doi.org/10.1016/j.neubiorev.2023.105398>
- Burnett, A., Finer, A., Norbury, C., Lascelles, L., Merrick, R., Purdie, S. og Parsons, S. (2021). Developmental language disorder. Speech and Language UK. [https://speechandlanguage.org.uk/wp-content/uploads/2023/12/ican\\_dld\\_guide\\_final\\_aug4.pdf](https://speechandlanguage.org.uk/wp-content/uploads/2023/12/ican_dld_guide_final_aug4.pdf)
- Dubois, P., St-Pierre, M., Desmarias, C. og Guay, F. (2020). Young adults with developmental language disorder: A systematic review of education, employment, and independent living outcomes. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 63(11), 3786-3800. [https://doi.org/10.1044/2020\\_JSLHR-20-00127](https://doi.org/10.1044/2020_JSLHR-20-00127)
- Eadie, P., Conway, L., Hallenstein, B., Mensah, F., McKean, C. og Reilly, S. (2018). Quality of life in children with developmental language disorder. *International Journal of Language and Communication Disorders*, 53(4), 799-810. <https://doi.org/10.1111/1460-6984.12385>
- Ekström, A., Sandgren, O., Sahlén, B. og Samuelsson, C. (2023). 'It depends on who I'm with': How young people with developmental language disorder describe their experiences of language and communication in school. *International Journal of Language and Communication Disorders*, 58(4), 1168-1181. <https://doi.org/10.1111/1460-6984.12850>
- Gordon, K. R., Storkel, H. L., Lowry, S. L. Og Sultani, M. J. (2024). A word-learning intervention pilot study utilizing principles of retrieval- and criterion-based learning for children with developmental language disorder. *American Journal of Speech-Language Pathology*, 33(2), bls. 530-551. [https://doi.org/10.1044/2023\\_AJSLP-23-00037](https://doi.org/10.1044/2023_AJSLP-23-00037)
- Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. (2009). *Sögugrunnur, námstæki til sögugerðar. Kennsluleiðbeiningar*. Miðja máls og læsis. [http://mml.reykjavik.is/wp-content/uploads/2017/09/kennsluleiðbeiningar\\_sogugrunnurinn.pdf](http://mml.reykjavik.is/wp-content/uploads/2017/09/kennsluleiðbeiningar_sogugrunnurinn.pdf)
- Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.). *Samræðulestur*. Lesvefurinn. <https://lesvefurinn.hi.is/node/236>
- Hogan, T. (e.d.). *Signs of DLD Across the Lifespan*. DLD and ME. <https://dldandme.org/signs-of-dld/>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). *Málþroski leikskólabarna. Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs*. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. <https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

- Hrafnhildur Sigurðardóttir. (2002). *Málþroski barna er mál foreldra*.  
[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/malthroski\\_2002.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/malthroski_2002.pdf)
- Jóhanna Thelma Einarsdóttir. (2022). *Hvað er málþroskaröskun? Vísindavefurinn*.  
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=83917>
- Kuiack, A. og Archibald, L. (2019). *Developmental Language Disorder: The Childhood Condition We Need to Start Talking About*. *Frontiers for Young Minds*.  
<https://kids.frontiersin.org/articles/10.3389/frym.2019.00094>
- Lubbi. (e.d.). Um Lubba. <https://www.lubbi.is/index.php/um-lubba>
- Marta Eydal, Jóhanna T. Einarsdóttir, Þorlákur Karlsson og Þóra Sæunn Úlfisdóttir. (2019). Börn sem eru sein til máls: Áhrif þjálfunar á orðaforða barns á þriðja ári. *Netla*.  
<https://doi.org/10.24270/netla.2019.2>
- Málefli. (e.d.). *Staðreyndir um málþroskaröskun DLD*.  
<https://www.malefli.is/static/files/fraedsla/dld-stadreyndablad-2021.pdf>
- McGregor, K. K. (2020). How we fail children with developmental language disorder. *Language, Speech & Hearing Services in Schools*, 51(4), 981-992. [https://doi.org/10.1044/2020\\_LSHSS-20-00003](https://doi.org/10.1044/2020_LSHSS-20-00003)
- Mimi Saga. (e.d.). *Mimi Saga. Með augum barnsins*.  
[https://static1.squarespace.com/static/5ce5cd7e4b0aff0001daf179/t/5f2d4de9a832fa50cec22f80/1596804590011/Mimi-baeklingur-leikskolar\\_agust2020.pdf](https://static1.squarespace.com/static/5ce5cd7e4b0aff0001daf179/t/5f2d4de9a832fa50cec22f80/1596804590011/Mimi-baeklingur-leikskolar_agust2020.pdf)
- National Institute on Deafness and Other Communication Disorders. (2022a). *Developmental Language Disorder*.  
<https://www.nidcd.nih.gov/sites/default/files/Documents/health/voice/developmental-language-disorder.pdf>
- National Institute on Deafness and Other Communication Disorders. (2022b). *Speech and Language Developmental Milestones*. <https://www.nidcd.nih.gov/health/speech-and-language#1>
- Rinaldi, S., Caselli, M., Cofelice, V., D'Amico, S., De Cagno, A. G., Della Corte, G., Di Martino, M. V., Di Costanzo, B., Levorato, M. C., Penge, R., Rossetto, T., Sansavini, A., Vecchi, S. og Zoccolotti, P. (2021). Efficacy of the treatment of developmental language disorder. A systematic review. *Brain Sciences*. 11(3), 407. <https://doi.org/10.3390/brainsci11030407>
- Sigríður Ólafsdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir. (2022). Málleg samskipti starfsmanna við börn með íslensku sem annað mál og börn með íslensku sem móðurmál. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/01.pdf>

- Soffía Elín Sigurðardóttir. (10. október 2022). *Málþroskaröskun og þörf fyrir stuðningsúrræði*. Málefli. <https://www.malefli.is/static/files/fraedsla/ma-lthroski-barna-ma-lefli-glaerur.pdf>
- Tryggvi Sigurðsson. (2006). Snemmtæk Íhlutun fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn, Tímarit Félags talkennara og talmeinafræðinga*, 18(1), bls. 5-7.
- Valdís Ingibjörg Jónsdóttir. (2019). *Töfratapparnir*. Hólar.
- Whitehurst, G. (e.d.). *Dialogic reading: An effective way to read aloud with young children*. Reading rockets. <https://www.readingrockets.org/topics/early-literacy-development/articles/dialogic-reading-effective-way-read-aloud-young-children>
- Þóra Sæunn Úlfisdóttir og Sigrún Jónína Baldursdóttir. (2022). *Hugsaðu málið, hugsaðu málþroskaröskun DLD*. Málefli. <https://www.malefli.is/static/files/fraedsla/2021.10.13hugsum-malid-hugsum-dld-glaerur.pdf>